

TILSKIPUN RÁÐSINS 94/55/EB

frá 21. nóvember 1994

um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Flutningar á hættulegum farmi á vegum, bæði innanlands og milli landa, hafa aukist með árunum og eykur það slyshættu.
- 2) Öll aðildarríki, nema Írland, eru aðilar að Evrópusamningnum um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR), sem nær til landsvæða utan bandalagsins, þar sem settar eru samræmdar reglur um örugga millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. Því er æskilegt að rýmka þessar reglur svo þær nái til innanlandsflutninga til að samræma skilyrði í bandalaginu fyrir flutningum á hættulegum farmi á vegum.
- 3) Engin bandalagslöggjöf nær til allra ráðstafana sem krafist er til að tryggja örugga flutninga á hættulegum farmi og innlendar ráðstafanir þar að lútandi eru mismunandi í aðildarríkjunum. Þessi mismunur hindrar frjálsa flutningaþjónustu og enn fremur frjálsa umferð ökutækja og flutningatækja. Til að ryðja þessari hindrun úr vegi skal setja samræmdar reglur sem gilda um alla flutninga innan bandalagsins.
- 4) Aðgerð af þessu tagi verður að framkvæma á vettvangi bandalagsins til að tryggja samræmi við önnur lög í bandalaginu og til að tryggja fullnægjandi samhfingu sem auðveldar frjálsa vöruflutninga og þjónustustarfsemi og til að tryggja fyllsta öryggi við innanlands- og millilandaflutninga.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 319, 12. 12. 1994, bls. 7, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/96 frá 26. apríl 1996 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 17, 20. 1. 1994, bls. 6.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 195, 18. 7. 1994, bls. 15.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 3. maí 1994 (Stjttíð. EB nr. C 205, 25. 7. 1994, bls. 54), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. september 1994 (Stjttíð. EB nr. C 301, 27. 10. 1994, bls. 25) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. nóvember 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

5) Ákvæði þessarar tilskipunar eru með fyrirvara um skuldbindingar sem bandalagið og aðildarríki þess takast á hendur til að berjast fyrir samræmdu kerfi í framtíðinni um flokkun hættulegra efna, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í dagskrá 21, 19. kafla UNCED-ráðstefnunnar sem haldin var í júní 1992 í Rio de Janeiro.

6) Ekki hefur enn verið sett bandalagslöggjöf um öryggisskilyrði sem eiga að gilda um flutning lífrænna áhrifavalda og erfðabreyttra örvera, samkvæmt tilskipunum ráðsins 90/219/EBE ⁽⁴⁾, 90/220/EBE ⁽⁵⁾ og 90/679/EBE ⁽⁶⁾.

7) Þessi tilskipun tekur mið af annarri bandalagsstefnu á sviði vinnuverndar, smíði ökutækja og umhverfisverndar.

8) Aðildarríkjunum er áfram frjálst að setja reglur um flutninga á hættulegum farmi á yfirráðasvæðum sínum með ökutæki sem ekki er kveðið á um í þessari tilskipun, óháð því hvar ökutækið er skráð.

9) Aðildarríkin eiga að geta beitt sérstökum umferðarreglum um flutninga á hættulegum farmi á yfirráðasvæðum sínum.

10) Aðildarríkin eiga að geta viðhaldið kröfum sínum um gæðastjórnun varðandi tiltekna innanlandsflutninga þar til framkvæmdastjórnin sendir ráðinu skýrslu þar að lútandi.

11) Með hliðsjón af ákvæðum ADR-samningsins geta aðildarríkin gert samninga sem víkja frá honum en stór hluti tvíhliða samninga milli aðildarríkjanna gengur gegn ákvæðum um frjálsa flutninga á hættulegum farmi. Með því að setja nauðsynleg ákvæði í viðauka við þessa tilskipun er unnt að koma til móts við þörfina á slíkum frávíkum. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir aðlögunartímabili þar sem aðildarríkin geta haldið áfram að beita gildandi samningum sínum á milli.

12) Nauðsynlegt er að fella ákvæði ADR-samningsins, þar með talið kröfur um smíði ökutækja sem flytja hættulegan farm, inn í lög bandalagsins. Í þessu sambandi skal kveða á um aðlögunartímabil til að aðildarríkin geti tímabundið viðhaldið ákveðnum innlendum sérákvæðum um smíðakröfur vegna ökutækja sem eru skráð á þeirra yfirráðasvæði.

13) Nota verður þær upplýsingaaðferðir sem til eru í tengslum við viðeigandi innlenda lagafrumvörp þannig að auka megi gagnsæi til hagsbóta fyrir aðila í atvinnurekstri.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 117, 8. 5. 1990, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 374, 31. 12. 1990, bls. 1.

- 14) Aðildarríkin skulu áfram hafa rétt til að beita reglum um flutninga innanlands, sem samræmast tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutninga á hættulegum farmi, að svo miklu leyti sem ákvæði ADR-samningsins hafa ekki verið aðlöguð þessum reglum, með það í huga að auðvelda ólíka flutningsmáta á hættulegum farmi.
- 15) Aðildarríkin eiga að geta haft eftirlit með eða bannað flutninga á vegum á yfirráðasvæðum sínum á tilteknum hættulegum farmi en einungis af ástæðum öðrum en þeim er varða öryggi í flutningum. Aðildarríkin hafa, að því er varðar flutninga á tilteknum efnum sem eru mjög hættuleg, rétt til að krefjast þess að flutningarnir fari fram á járnbrautum eða skipgengum vatnaleiðum eða að notaðar verði sérhannaðar umbúðir fyrir mjög hættuleg efni.
- 16) Hvað framkvæmd þessarar tilskipunar varðar verður aðildarríkjunum að vera heimilt að beita strangari eða vægari reglum gagnvart tiltekinni flutningastarfsemi sem fram fer á yfirráðasvæðum þeirra með ökutækjum sem eru skráð þar.
- 17) Við samhæfingu skilyrða ber að taka tillit til sérstakra innlendra aðstæðna og því verður þessi tilskipun að vera nægilega sveigjanleg til að aðildarríkjunum verði kleift að veita tilteknar undanþágur. Ekki má koma í veg fyrir að framfarir á sviði tækni og iðnaðar fái notið sín og því verður að gera ráð fyrir tímabundnum undanþágum.
- 18) Heimilt skal vera að nota ökutæki sem eru skráð í þriðju löndum til millilandaflutninga á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna ef þau samræmast ákvæðum ADR-samningsins.
- 19) Þessa tilskipun verður að vera hægt að laga skjótt að tækniframförum, þannig að unnt sé að taka mið af nýjum ákvæðum sem tekin eru upp í ADR-samninginn og taka ákvörðun um beitingu og framkvæmd neyðarráðstafana ef slys eða óhöpp verða. Því skal skipa nefnd í þessu skyni og samþykkja málsmeðferð um nána samvinnu milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar innan þessarar nefndar.
- 20) Í viðaukum við þessa tilskipun eru ákvæði sem fjalla um starfsþjálfun tiltekinna bílstjóra ökutækja sem flytja hættulegan farm á vegum. Af þeim sökum ber að fella niður tilskipun ráðsins 89/684/EBE frá 21. desember 1994 um starfsþjálfun tiltekinna bílstjóra ökutækja sem flytja hættulegan varning ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Gildissvið, skilgreiningar og almenn ákvæði

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um flutninga á hættulegum farmi á vegum innan eða milli aðildarríkjanna. Hún gildir ekki um flutninga á hættulegum farmi á vegum með ökutækjum sem tilheyra herjum eða eru á ábyrgð þeirra.
2. Þessi tilskipun hefur þó ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna, með tilhlýðilegu tilliti til laga bandalagsins, til að gera kröfur varðandi:
 - a) innanlands- og millilandaflutninga á hættulegum farmi á yfirráðasvæðum sínum með ökutækjum sem ekki falla undir ákvæði þessarar tilskipunar;
 - b) sérstakar umferðarreglur um innanlands- og millilandaflutninga á hættulegum farmi;
 - c) gæðastjórnun fyrirtækja, í samræmi við ISO-staðla 9001 og 9002, í tengslum við innanlandsflutninga á:
 - i) sprengiefnum og vörum í 1. flokki, þegar magn sprengiefna fyrir hverja flutningseiningu fer umfram:
 - 1 000 kg að því er varðar lið 1.1, eða
 - 3 000 kg að því er varðar lið 1.2, eða
 - 5 000 kg að því er varðar liði 1.3 og 1.5,
 - ii) eftirfarandi mjög hættulegum efnum í tönkum eða tankgámum með meira en 3 000 lítra rými:
 - efnun í 2. flokki
 - gasi flokkað samkvæmt at)
 - bt)
 - b)
 - ct)
 - c)
 - mikið kældu fljótandi gasi sem er 7° b) og 8° b),
 - efnun í flokkum 3, 4.1, 4.2, 4.3, 5.1, 5.2, 6.1 og 8
 - sem eru ekki skráð samkvæmt b- eða c-lið í þessum flokkum, eða
 - sem eru skráð samkvæmt þessum flokkum en með hættuflokkunarnúmeri

(1) Stjútíð. EB nr. L 398, 30. 12. 1989, bls. 33.

með að minnsta kosti þremur
tölustöfum (þó ekki núlli),

- iii) eftirfarandi vörusendingum í 7. flokki (geislavirk efni): vörusendingum með kleyfum efnum, vörusendingum af gerð B (U), vörusendingum af gerð B (M).

Ekki má rýmka gildissvið innlendra ákvæða varðandi þessar kröfur.

Umrædd ákvæði falla úr gildi ef sambærilegar ráðstafanir eru gerðar bindandi með lagaákvæðum bandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 31. desember 1998 senda ráðinu skýrslu þar sem metnir eru þeir öryggisþættir sem fjallað er um í þessu ákvæði ásamt tillögu um framlengingu þess eða niðurfellingu.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „ADR-samningurinn“: Evrópusamningurinn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR) sem gerður var í Genf 30. september 1957, ásamt breytingum,
- „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum, með eða án yfirbyggingar, á fjórum eða fleiri hjólum, hönnuð fyrir hámarks hraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum og hreyfanlegum vélbúnaði,
- „hættulegur farmur“: efni og vörur sem ekki má flytja á vegum eða sem aðeins má flytja við tiltekna aðstæður, samkvæmt viðaukum A og B við þessa tilskipun,
- „flutningar“: allir flutningar á vegum með ökutækjum sem fara að hluta til eða eingöngu fram á opinberum vegum innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, þar með talið ferming og afferming sem fjallað er um í viðaukum A og B, með fyrirvara um fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í lögum aðildarríkjanna varðandi ábyrgð í tengslum við slíka starfsemi.

Flutningar sem eingöngu fara fram innan afmarkaðs svæðis falla ekki undir þessa skilgreiningu.

3. gr.

1. Hættulegan farm sem bannað er að flytja samkvæmt viðauka A og B við þessa tilskipun má ekki flytja á vegum, samanber þó ákvæði 6. gr.
2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari tilskipun skal heimila flutninga á öðrum hættulegum farmi sem er talinn upp í viðauka A, að því tilskildu að skilyrðin í viðauka A og B séu uppfyllt, einkum að því er varðar:

- a) umbúðir og merkingar á farminum sem um ræðir; og
- b) smíði, búnað og rekstur ökutækisins sem flytur farminn sem um ræðir.

II. KAFLI

Undantekningar, takmarkanir og undanþágur

4. gr.

Aðildarríkjunum er einungis heimilt í tengslum við flutninga innanlands, sem fram fara með ökutækjum sem eru skráð á yfirráðasvæðum þeirra, að viðhalda ákvæðum landslaga um flutninga á hættulegum farmi á vegum, sem samræmast tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutninga á hættulegum farmi, uns viðaukar A og B við þessa tilskipun hafa verið endurskoðaðir og þeim breytt til samræmis við þessi tilmæli. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þessu.

5. gr.

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði bandalagsins, meðal annars ákvæði um markaðsaðgang, skal hvert aðildarríki um sig viðhalda rétti til að setja reglur um eða banna flutninga á tilteknum hættulegum farmi á sínu yfirráðasvæði, vegna sjónarmiða er varða þjóðaröryggi eða náttúruvernd en ekki af ástæðum er varða öryggi í flutningum.
2. Allar reglur sem aðildarríki setur um ökutæki, sem eru notuð til millilandaflutninga á yfirráðasvæði sínu og eru leyfileg samkvæmt spássíunr. 10 599 í viðauka B, skulu takmarkast við ákveðið svæði og gilda um innanlands- og millilandaflutninga til jafns auk þess sem þær mega ekki fela í sér neina mismunum.
3.
 - a) Hvert aðildarríki um sig getur beitt strangari ákvæðum um flutninga með ökutækjum, sem eru skráð eða tekin í notkun á yfirráðasvæði þess, að undanskildum kröfum um smíði.
 - b) Aðildarríkin mega þó viðhalda tilteknum innlendum ákvæðum um þungamiðju tankbíla, sem eru skráðir á yfirráðasvæðum þeirra, þar til búið er að breyta spássíunr. 211 128 í viðauka B við þessa tilskipun, en þó ekki lengur en til 31. desember 1998.
4. Ef aðildarríki telur að gildandi öryggisákvæði hafi ekki nægt, þegar óhapp eða slys bar að höndum, til að draga úr þeirri hættu sem flutningar hafa í för með sér og ef brýnt er að grípa til aðgerða tafarlaust skal það tilkynna framkvæmdastjórninni, á undirbúningsstigi, um þær ráðstafanir sem það hyggst grípa til. Framkvæmdastjórnin skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr., hvort leyfa beri framkvæmd þessara ráðstafana og í hve langan tíma.

5. Aðildarríkin mega viðhalda öllum ákvæðum í landslögum sem eru í gildi 31. desember 1996 að því er varðar:

- flutninga á efnum í flokki 1.1,
- flutninga á eitruðum, rokgjörnum og/eða eldfimum lofttegundum í 2. flokki,
- flutninga á efnum sem innihalda díoxín eða fúran,
- flutninga í tönkum eða tankgámum á meira en 3 000 lítrum af vökva í flokki 3, 4.2, 4.3, 5.1, 6.1 eða 8 sem ekki er skráður undir b- eða c-lið í þessum flokkum.

Slík ákvæði mega aðeins varða:

- bann á slíkum flutningum á vegum ef hægt er að láta þá fara fram á járnbrautum eða skipgengum vatnaleiðum,
- kröfu um að tiltekinni leið verði fylgt,
- öll önnur ákvæði sem varða pökkun efna sem innihalda díoxín eða fúran.

Hvorki er heimilt að rýmka þessi ákvæði né herða þau. Aðildarríki skal senda þessi innlendu ákvæði til framkvæmdastjórnarinnar sem gerir hinum aðildarríkjunum viðvart.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki um sig getur heimilað flutninga á vegum innan síns yfirráðasvæðis á hættulegum farmi, þegar samtengdir flutningar fela í sér flutninga á sjó eða í lofti, enda sé farmurinn flokkaður, pakkaður og merktur í samræmi við alþjóðlegar kröfur um sjó- og loftflutninga.
2. Ákvæði í viðaukum A og B um notkun tungumála við merkingar eða í fylgiskjölum skulu ekki gilda um flutninga sem eru einungis bundnir við yfirráðasvæði eins aðildarríkis. Aðildarríki geta heimilað notkun annarra tungumála en þeirra sem kveðið er á um í viðaukunum vegna flutninga sem fara fram á yfirráðasvæði þeirra.
3. Hvert aðildarríki um sig getur á sínu yfirráðasvæði leyft notkun ökutækja sem eru smíðuð fyrir 1. janúar 1997, enda þótt þau samræmist ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, hafi þau verið smíðuð í samræmi við innlendar kröfur sem voru í gildi 31. desember 1996, að því tilskildu að slík ökutæki uppfylli tilskildar öryggiskröfur.
4. Hvert aðildarríki um sig getur viðhaldið ákvæðum landslaga sem eru í gildi 31. desember 1996 varðandi smíði, notkun og flutningsskilyrði fyrir nýja geyma, samkvæmt spássíunr. 2 212 í viðauka A, og fyrir nýja tanka sem samræmast ekki ákvæðum viðauka A og B, þar til tilvísanir í staðla um smíði og notkun tanka og geyma, sem hafa sömu bindandi áhrif og

ákvæði þessarar tilskipunar, hafa verið teknar upp í viðauka A og B, en þó ekki lengur en til 31. desember 1998. Geyma og tanka sem eru smíðaðir fyrir 1. janúar 1999 og uppfylla áfram tilskildar öryggiskröfur má nota áfram við upprunaleg skilyrði.

5. Hvert aðildarríki um sig getur viðhaldið öðrum innlendum ákvæðum en þeim sem eru sett fram í viðaukum A og B, að því er varðar viðmiðunarhita við flutninga á fljótandi gasi eða blöndum af fljótandi gasi á yfirráðasvæði þess, uns ákvæði varðandi réttan viðmiðunarhita fyrir tiltekin loftslagssvæði hafa verið tekin upp í Evrópustaðla og búið er að setja tilvísanir í þessa staðla í viðauka A og B.
6. Hvert aðildarríki um sig getur heimilað notkun umbúða, í flutningum á yfirráðasvæði sínu, sem eru framleiddar en ekki vottaðar í samræmi við ADR-samninginn fyrir 1. janúar 1997, að því tilskildu að á slíkum umbúðum sé framleiðsludagur tilgreindur og þær standist viðeigandi próf sem mælt er fyrir um í landslögum sem eru í gildi 31. desember 1996 og að því tilskildu að allar slíkar umbúðir haldi áfram að uppfylla viðeigandi öryggiskröfur (þar með talið próf og skoðun þar sem þess er krafist), í samræmi við eftirfarandi: hægt skal vera að nota meðalstóra málmgeyma fyrir búlkavöru og málmunnur sem rúma meira en 50 lítra í allt að 15 ár frá framleiðsludegi; hægt skal vera að nota aðrar málm- og plastumbúðir í allt að fimm ár frá framleiðsludegi, þó ekki eftir 31. desember 1998.
7. Hvert aðildarríki um sig getur heimilað á sínu yfirráðasvæði, til 31. desember 1998, flutninga á tilteknum hættulegum farmi sem búið er að pakka fyrir 1. janúar 1997, að því tilskildu að farmurinn sé flokkaður, pakkaður og merktur í samræmi við kröfur landslaga sem eru í gildi fyrir 1. janúar 1997.
8. Hvert aðildarríki um sig getur viðhaldið ákvæðum landslaga sem eru í gildi 31. desember 1996 varðandi merkingar með neyðarkóða í stað kenninúmers fyrir hættu, sem kveðið er á um í viðauka B, að því er varðar flutninga sem fara fram á yfirráðasvæði þess með ökutækjum sem eru skráð þar.
9. Hvert aðildarríki um sig getur, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, viðhaldið vægari ákvæðum en þeim sem sett eru fram í viðaukum A og B við þessa tilskipun vegna flutninga innan yfirráðasvæðis síns á litlu magni á tilteknum hættulegum farmi, að undanskildum efnum sem hafa meðal- eða mikla geislavirkni.
10. Að því tilskildu að öryggi sé ekki stefnt í hættu, geta aðildarríkin veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæðum viðauka A og B, þannig að hægt sé að láta fram á yfirráðasvæðum þeirra prófanir sem gera þarf áður en þessum viðaukum er breytt til að laga þá að tækni- og iðnþróun. Framkvæmdastjórninni skal greint frá þessu og skal hún gera hinum aðildarríkjunum viðvart.

Tímabundin undanþága sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna ná samkomulagi um á grundvelli spássíunr. 2 010 og 10 602 í viðaukum A og B skal vera í formi marghliða samnings sem yfirvald, sem á frumkvæðið að samningnum, leggur fyrir lögbær yfirvöld allra aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um það.

Öllum undanþágum, eins og þeim sem vísað er til í fyrstu og annarri undirgrein, skal beitt án þess að sendanda, vöruflutjanda eða viðtakanda sé mismunað á grundvelli þjóðernis eða staðfestu; undanþágur mega gilda í fimm ár og ekki skal vera hægt að endurnýja þær.

11. Hvert aðildarríki um sig getur á yfirráðasvæði sínu heimilað staka flutninga á hættulegum farmi sem er annaðhvort bannaður samkvæmt viðaukum A og B eða fer fram samkvæmt öðrum skilyrðum en þeim sem mælt er fyrir um í viðaukum A og B.
12. Með fyrirvara um 2. mgr. getur hvert aðildarríki um sig beitt til 31. desember 1998, í síðasta lagi, gildandi samningum við önnur aðildarríki, sem eru í samræmi við ADR-samninginn, enda sé sendanda, vöruflutjanda eða viðtakanda ekki mismunað á grundvelli þjóðernis eða staðfestu. Allar aðrar undanþágur sem eru heimilaðar samkvæmt spássíunr. 2 010 og 10602 í viðaukum A og B skulu uppfylla ákvæði 10. mgr.

7. gr.

Með fyrirvara um ákvæði í landslögum eða bandalagsákvæði um markaðsaðgang má nota ökutæki sem eru skráð eða viðurkennd í þriðju löndum við millilandaflutninga á hættulegum farmi innan bandalagsins ef flutningarnir sem um ræðir samræmast ADR-samningnum.

III. KAFLI

Lokaákvæði

8. gr.

Breytingar sem eru nauðsynlegar til að laga viðauka A og B að framförum á sviði vísinda og tækni og fjallað er um í þessari tilskipun, að teknu tilliti til breytinga á viðaukum við ADR-samninginn, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 9. gr.

9. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um flutninga á hættulegum farmi, hér á eftir kölluð „nefndin“, sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skilar álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaður hennar setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitin skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.
3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.
- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.
- Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

1. Tilskipun 89/684/EBE fellur úr gildi þegar frestur til að innleiða tilskipunina í innlend lög rennur út.
2. Bráðabirgðavottorð sem aðildarríkin gefa út í samræmi við 2. mgr. 4. gr. áðurnefndrar tilskipunar fyrir innlenda flutninga skulu aðeins gilda til 31. desember 1996. Halda má áfram að

nota vottorð sem eru gefin út í samræmi við 4. mgr. 4. gr. áðurnefndrar tilskipunar þar til gildistími þeirra rennur út, en þó eigi lengur en til 1. júlí 1997 að því er varðar hættulegan farm sem er fluttur í tönkum eða sprengiefni, og eigi lengur en til 1. janúar 2000 að því er varðar annan hættulegan farm.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

M. WISSMANN

forseti.

VIÐAUKI A

Spássíunr. 2 000 til 3 999 í viðauka A við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR), með gildistöku 1. janúar 1995, þar sem orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“.

Ath.: Útgáfur á öllum opinberum tungumálum bandalagsins verða birtar jafnskjótt og búið er að steypa textanum saman og þýðingar liggja fyrir.

VIÐAUKI B

Spássíunr. 10 000 til 260 000 í viðauka B við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR), með gildistöku 1. janúar 1995, þar sem orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“.

Ath.: Útgáfur á öllum opinberum tungumálum bandalagsins verða birtar jafnskjótt og búið er að steypa textanum saman og þýðingar liggja fyrir.